

**Ed.**

**740. Breytingartillögur**

[54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Við 106. gr. Greinin orðist svo:

Ráðuneytið skal vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir. Ráðuneytið skal beita sér fyrir viðræðum á milli sveitarfélaga um sameiningu og boða til funda sveitarstjórnarmanna á stærri svæðum til umræðu um sameiningu sveitarfélaga. Skal ráðuneytið vinna að þessu í samráði við einstök sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.

2. Við 108. gr.

a. Á eftir orðunum „henni í té“ í 3. mgr. komi: að kostnaðarlausu.

b. Á eftir 3. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:

Ráðuneytið skal gera fjárhagslega úttekt á viðkomandi sveitarsjóðum og fyrirtækjum þeirra og hlutast til um að fé verði veitt úr ríkissjóði til að jafna fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna um leið og sameining á sér stað.

c. Á eftir orðunum „um sameiningu“ í 4. mgr. komi: og ráðuneytið gert fjárhagslega úttekt og lagt fram tillögur um jöfnun fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.